

Sp.

151. Tillaga

til þingsályktunar um váttryggingar á fiskibátum.

Frá Ingvari Pálmasynt og Gísla Guðmundssynt.

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, á hvern veg verði bezt fyrir komið váttryggingum á fiskibátum, og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um þau mál.

Ennfremur í því sambandi, að lög nr. 65 7. maí 1928, um að leggja Samábyrgðina niður sem sjálfstæða stofnun, komi ekki til framkvæmda, þó ástæða verði til, fyrir þann tíma.

Greinargerð.

Váttryggingu hinna smærri skipa og báta innan fiskiflota landsmanna mun nú vera mjög ábótavant og váttryggingarnar, að minnsta kosti sumar, að ýmsu leyti alls ekki hentugar. Nokkuð af skipum og bátum er tryggt í Samábyrgð Íslands, nokkuð í Sjóváttryggingarfélagi Íslands og eitthvað í erlendum váttryggingarstofnunum. En allmikið af smærri og stærri fiskibátum er hvergi váttryggt. Virðist vera full ástæða til, að þetta mál verði rannsakað ýtarlega og reynt að finna hentuga leið til þess að koma þessari grein tryggingarmála í betra horf en nú er.

Að því er snertir síðari lið tillögunnar, þá er hann fram kominn af þeirri ástæðu, að álitamál er, hvort rétt er eða hentugt að leggja Samábyrgðina undir stjórn hinna annara tryggingarstofnana ríkisins, sem hafa með höndum alóskyldar tryggingar. Er því með þessum lið farið fram á, að fyrirmælum laga nr. 65 7. maí 1928 um þetta efni verði frestað, þó núverandi samábyrgðarstjóri léti af störfum, þar til rannsókn þeirri er lokið, sem um ræðir í fyrri hð tillögunnar.